

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 197/1978. Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f

(Benedikt Blöndal hrl.)

gegn

**Jóhanni Ólafssyni**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Váttrygging. Skaðabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardóm-ari.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. nóvember 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. nóvember 1978 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns þeim Valgeiri Hafþóri Matthíassyni, Guðmundi Andrés-syni, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, en engar kröfur gert á hendur þeim. Enginn þeirra hefur haft uppi kröfur fyrir Hæstarétti, en af hálfu hinna stefndu ráðherra hefur dóm-þing verið sótt og þeir lýst sig samþykka hinum áfrýjaða dómi.

Váttryggingarsamningi áfrýjanda og Guðmundar Jónsson-ar um ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar R 7784, sem gerð-ur var 27. júlí 1975, var ætlað að gilda til næsta árlegs gjald-daga, 1. mars 1976. Áfrýjandi heldur því ekki fram, að samn-ingurinn hafi síðar gengið úr gildi fyrir uppsögn af hendi annars hvors aðilja, en reisir kröfur sínar í málinu í einu og öllu á því, að vegna ákvæða 4. greinar hinna prentuðu

vátryggingarskilmála hafi vátryggingarsamningurinn gengið úr gildi við skráningu eigendaskipta hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins í september 1975. Beri hann samkvæmt því enga ábyrgð á tjóninu, sem bifreiðin olli hinn 18. október s. á.

Í nefndri 4. gr. segir svo:

„Vátryggingartaka ber að tilkynna félaginu án tafar, ef hann lætur afskrá eða selur hið vátryggða ökutæki, enda gildir vátryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, nema félagið samþykki það skriflega. Verði félagið að greiða skaðabætur vegna tjóns, sem hlotizt hefur af notkun ökutækisins, eftir að vátryggingartaki seldi það, en áður en tilkynningarskyldunni var fullnægt, áskilur félagið sér rétt til að endurkrefja bæturnar úr hendi vátryggingartaka“.

Pegar framangreint ákvæði er skýrt í tengslum við 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. gr. reglugerðar nr. 88/1929, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 67/1932, svo sem hér ber að gera, verður ekki á það fallist, að eigendaskipti þau, sem urðu á bifreiðinni R 7784 og skráð voru hinn 4. september 1975 heimili áfrýjanda gagnvart stefnda að synja um greiðslu vátryggingarhóta samkvæmt áðurgreindum vátryggingarsamningi vegna þess tjóns, sem hlaut af notkun bifreiðarinnar hinn 18. október 1975 og mál þetta er risið af.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi lýst yfir, að hann fallist á úrlausn héraðsdómara um sök ökumanns R 7784 svo og um fjárhæð bóta og vexti. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að því er áfrýjanda varðar.

Dá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og er hann hæfilega ákveðinn 200.000 krónur.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar áfrýjanda, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f.

Áfrýjandi greiði stefnda, Jóhanni Ólafssyni, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1978.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 15. þ. m., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 15. mars 1977, af Jóhanni Ólafssyni, Björk við Freyjugötu, Sauðárkróki, gegn Valgeiri Hafþór Matthíassyni, Melhaga 5, Guðmundi Jónssyni, Hverfisgötu 35, Guðmundi Andrésyni, Freyjugötu 32, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, öllum hér í borg. Kröfur stefnanda í stefnu voru þær, að stefndu yrðu in solidum dæmdir til að greiða honum viðgerðarkostnað bifreiðar sinnar, kr. 41.134, kostnað vegna afnotamissis hennar, kr. 10.000, og kostnað vegna fyrirhafnar við að innheimta kröfurnar, kr. 25.000, samtals kr. 76.134.

Stefndu Valgeir Matthíasson og Guðmundur Andrésen hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Ber því skv. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið á hendur þeim eftir kröfum stefnanda og málsútlitun eftir því, sem samrýmanlegt er framkomnum skjölum.

Við munnlegan málflutning gerði lögmaður stefnanda með samþykki lögmannna stefndu og varastefndu þær viðbótarkröfur, að krafist er 13% ársvaxta af stefnufjárhæð frá 23. október 1975 til 21. nóvember 1977, en 16% ársvaxta frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndu Guðmundur Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f krefjast sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara krefjast þeir lækkunar á kröfum stefnanda.

Varastefndu, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, krefjast algerrar sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati réttarins. Til vara krefjast þeir sýknu að svo stöddu og málskostnaðar að mati réttarins, en til þrautavara lækkunar á kröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

Dómari leitaði árangurslaust sátta í máli þessu.

Málavextir eru þeir, að um kl. 1430 laugardaginn 18. október 1975 ók stefnandi bifreið sinni, Skoda fólksbifreið, K 1565, eftir Norðurlandsvegi frá Sauðárkróki í átt til Akureyrar og var staddur við bæinn Velli í Seyluhreppi í Skagafjarðarsýslu, er bifreið var skyndilega ekið með miklum hraða fram með vinstri hlið bifreiðar hans. Var þar komin bifreiðin R 7784, Opel Kapitän

fólksbifreið, og ók henni stefndi Valgeir Hafþór Matthíasson. Stefndi Valgeir hugðist aka fram úr bifreið stefnanda við þetta tækifæri, sem var í krappri beygju þarna á veginum, enda taldi hann sig hafa verið búinn að aka á eftir bifreið stefnanda um kílómetravegalengd og gefið ljós- og hljóðmerki til þess að komast fram úr henni. Sá hann þarna möguleika á að komast fram úr og reyndi það, en ekki tókst betur til en svo, að bifreið hans straukst við vinstri hlið bifreiðar stefnanda, og stefndi Valgeir missti það vald á bifreið sinni, sem hann hafði, þannig að bifreiðin snerist á veginum og lenti út af honum hægra megin. Stefndi Valgeir gaf engin merki, í því er hann reyndi að aka fram úr bifreið stefnanda. Hann hafði, áður en hann lagði af stað til Akureyrar frá hótelinu á Blönduósi, neytt lítils háttar áfengis og fann til áhrifa þess. Hann hafði með sér slatta af blönduðum Genever í gosdrykkjarflösku og neytti hans á leiðinni við aksturinn. Hann reyndist við rannsókn hafa 2.71% af alkóhóli í blóðinu. Skemmdir á bifreið stefnanda urðu á allri vinstri hliðinni, og var viðgerðarkostnaður kr. 41.134. Stefndandi sneri sér til stefnda Sjóváttryggingarfélags Íslands h/f, sem gefið hafði verið upp sem váttryggjandi bifreiðarinnar, sem stefndi Valgeir ók, og fór fram á greiðslu tjónsins. Bifreiðadeild stefnda Sjóváttryggingarfélagsins skrifaði bréf, dags. 5. janúar 1976, og sagði, að skráður eigandi bifreiðar þessarar, Guðmundur Andrésón, Freyjugötu 32, hefði ekki váttryggt bifreiðina hjá félaginu og af þeim sökum gæti félagið ekki svarað bótakröfum. Félagið ítrekaði þessa afstöðu í bréfi til lögmanns stefnanda, dags. 18. maí 1976, og höfðaði stefndandi mál þetta.

Stefndandi byggir mál sitt á því, að upplýst sé og óumdeilt, að stefndi Valgeir hafi átt alla sök á árekstri bifreiðanna og beri hann og stefndi Guðmundur Andrésón, skráður eigandi bifreiðarinnar, þegar tjónið varð, skaðabótaábyrgð gagnvart stefnanda skv. 69. gr., sbr. 67. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Stefndi Guðmundur Jónsson hafi verið skráður eigandi bifreiðarinnar til 4. september 1975, en þá hafi bifreiðin verið skráð á nafn stefnda Guðmundar Andrésónar. Við það tækifæri hafi stefndi Sjóváttryggingarfélagið verið skráður sem váttryggjandi bifreiðarinnar, enda hafi félagið verið váttryggjandi bifreiðarinnar, þegar hún hafi verið skráð á nafn Guðmundar Jónssonar. Félagið hafi því haldið áfram að vera váttryggjandi bifreiðarinnar, eftir að Guðmundur Andrésón hafi eignast hana, og geti þeir því ekki neit að að greiða bótakröfuna. Þarna sé um skyldutryggingu að ræða

skv. 70. gr. umferðarlaga og hafi stefndi Guðmundur Jónsson átt að sjá um, að bifreiðin væri áfram í löglegri skyldutryggingu við eigendaskiptin 4. september 1975. Þessari skyldu virðist stefndi Guðmundur Jónsson hafa brugðist og því sé honum stefnt með í máli þessu. Þar sem um skyldutryggingu sé að ræða, verði og að leggja þá sönnunarskyldu á stefnda Sjóváttryggingarfélagið að sanna, að annað tryggingarfélag hafi verið tryggjandi bifreiðarinnar R 7784, þegar slysið varð. Þetta hafi félagið ekki sannað og beri það hallann af því. Einnig sé ljóst, að trygging sú, sem var á bifreiðinni 4. september 1975, hafi ekki fallið niður við eigendaskiptin, sem þá urðu. Slíkar tryggingar séu óuppsegjanlegar á tryggingarárinu og geti ekki fallið niður við eigendaskipti.

Stefnandi beinir varakröfum sínum að dómsmálaráðherra sem yfirmanni Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Skylda Bifreiðaeftirlits ríkisins sé að sjá um, að bifreiðar séu ekki í umferð, án þess að þær séu í löglegri tryggingu. Verði niðurstaða dómsins, að bifreiðin R 7784 hafi ekki verið í lögboðinni skyldutryggingu, þegar tjónatburðurinn gerðist, þá séu það mistök Bifreiðaeftirlitsins, að svo hafi verið, og beri það ábyrgð gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, sem hann varð fyrir.

Stefndu Guðmundur Jónsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að upplýst sé og óumdeilt, að stefndi Guðmundur hafi átt bifreiðina og tryggt hana lögboðinni skyldutryggingu hjá stefnda Sjóváttryggingarfélaginu þar til 4. september 1975. Þann dag hafi bifreiðin verið umskráð hjá Bifreiðaeftirliti ríkisins og skráð á nafn stefnda Guðmundar Andréssonar. Réttarstaða stefnda Guðmundar Jónssonar sé því sú, að hann komi hvergi nálægt tjóni, sem varð á bifreið stefnanda vegna bifreiðarinnar R 7784 hinn 18. október 1975. Réttarstaða tryggingarfélagins sé afleiðd af réttarstöðu stefnda Guðmundar Jónssonar og sé því heldur engin í máli þessu. Ljóst sé, að hinn nýi eigandi bifreiðarinnar 4. september 1975, stefndi Guðmundur Andrésson, hafi ekki getað gefið Sjóváttryggingarfélagið upp sem tryggjanda bifreiðarinnar án þess að tala fyrst við félagið, en það hafi hann aldrei gert. Ekki geti samningur þeirra Guðmundar Jónssonar og Guðmundar Andréssonar heldur bundið félagið. Guðmundur Jónsson hafi keypt ábyrgðartryggingu hjá félaginu 27. júlí 1975, daginn áður en hún var skráð á nafn hans. Þessi váttrygging hafi fallið úr gildi, þegar bifreið-

in var skráð á nafn annars manns 4. september 1975. Guðmundur Andrésón hafi ekki tryggt bifreiðina hjá félaginu og óvíst sé í máli þessu, hvort eða hvar hann hafi váttryggt bifreiðina. Félagið geti ekki borið ábyrgð á bifreiðinni, eftir að hún var skráð á nafn Guðmundar Andrésónar. Hins vegar sé ljóst, að starfsmönnum Bifreiðæftirlitsins hafi borið að ganga úr skugga um, að bifreiðin væri váttryggð, þegar umskráningin fór fram 4. september 1975. Þetta hafi ekki verið gert og beri ríkissjóður því ábyrgð á slíkri vanrækslu.

Varastefndu byggja sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að bótaskylda aðalstefndu í máli þessu sé ótvíræð. Þegar af þeirri ástæðu komi ekki til þess, að varastefndu verði dæmdir bótaskyldir. Ljóst sé, að ökumaður bifreiðarinnar, stefndi Valgeir, og skráður eigandi hennar, stefndi Guðmundur Andrésón, beri ábyrgð á tjóninu. Hið sama gildi um stefnda Sjóváttryggingarfélagið, tryggingarfélag bifreiðarinnar, sem skv. óuppsögðum tryggingarsamningi hafi tekið að sér að ábyrgðartryggja bifreiðina á þeim tíma, er tjónið varð. Varðandi bótaskyldu tryggingarfélagsins í máli þessu bendi varastefndu á, að það sé misskilningur, sem haldið sé fram af lögmanni stefnda Sjóváttryggingarfélagsins, að váttrygging bifreiðarinnar hafi fallið úr gildi við eigendaskiptin 4. september 1975. Tryggingarsamningurinn geti ekki fallið sjálfkrafa úr gildi við eigendaskipti, heldur veiti eigendaskiptin félaginu heimild til þess að segja samningnum upp, og ekkert í máli þessu bendi til, að félagið hafi notað slíka heimild, og því sé ekki haldið fram af félagsins hálfu. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 88/1929 með síðari breytingum komi fram, að félagið geti ekki sagt upp tryggingunni með minna en 14 daga fyrirvara. Í hinum almennu skilmálum fyrir tryggingu þessa, sem lagðir hafa verið fram af hálfu félagsins í máli þessu, komi fram í 11. gr., að váttryggingin sé óuppsegjanleg að undanskildu því, sem segi í 5. og 10. gr., nema með minnst 3 mánaða fyrirvara miðað við hinn árlega gjalddaga. Í 5. gr. skilmálanna sé gert ráð fyrir, að váttryggingunni verði slitið vegna afskráningar á ökutækinu og vegna sölu á því. Í 4. gr. skilmálanna segi, að váttryggingartaka beri að tilkynna félaginu án tafar, ef hann lætur afskrá eða selur bifreiðina, enda gildi váttryggingin ekki fyrir nýjan eiganda, nema félagið samþykki það skriflega. Síðan segi beinlínis, að verði félagið að greiða skaðabætur vegna tjóns, sem hlotist hafi af notkun ökutækisins, eftir að váttryggingartaki seldi það, en áður en tilkynningarskyldunni var fullnægt, áskilji félag-

ið sér rétt til að endurkrefja bæturnar úr hendi vátryggingar-taka. Ljóst sé því, að tryggingin hafi alls ekki fallið niður við eigendaskiptin 4. september samkvæmt lögum, reglugerð og samningi hins stefnda tryggingarfélags sjálfs. Rétt sé og að hafa í huga, að skv. 1. gr. reglugerðarinnar nr. 88/1929 heimili van-ræksla bifreiðareiganda á skuldbindingum gagnvart félaginu því á engan hátt að neita greiðslu til þess, sem á rétt á skaðabótum. Þótt iðgjald hafi ekki verið greitt félaginu fyrir vátrygginguna eða hafi ekki verið í skilum, þegar tjónið varð 18. október 1975, verði félagið að uppfylla skyldu sína gagnvart þriðja manni, stefnanda í máli þessu. Ekkert sé fram komið í máli þessu, sem undanþiggi félagið ábyrgð sinni gagnvart stefnanda fyrir kröf-um, sem stofnast gátu á hendur eiganda eða öikumanni vegna notkunar bifreiðarinnar, og hafi neitun þeirra á greiðslu til stefn-anda því verið án allrar lagastoðar.

Varastefndu benda í öðru lagi á, að jafnvel þótt ekki verði fallist á þessar röksemdir, þá beri að sýkna varastefndu vegna þess, að hjá þeim verði ekki fundin nein sök í málinu. Engin skylda hvíli á Bifreiðaeftirliti ríkisins að fylgjast með því, að ekki sé öðrum bifreiðum ekið en þeim, sem hafi tryggingar í full-komnu lagi. Engin skylda hvíli á Bifreiðaeftirlitinu að tilkynna viðkomandi tryggingarfélagi eigendaskipti. Krafist sé yfirlýs-ingar bæði fyrri eiganda og nýja eigandans um, að um áfram-haldandi tryggingu sé að ræða. Upplýst sé í máli þessu, að slíkri yfirlýsingu, undirritaðri af fyrri eiganda, stefnda Guðmundi Jónssyni, og viðtakandanum, stefnda Guðmundi Andréssyni, hafi verið framvísað við eigendaskiptin, eins og lögmaður stefnda Guðmundar hafi sýnt fram á með skjali hér í málinu.

Til vara krefjast varastefndu sýknu að svo stöddu og benda á, að jafnvel þótt skaðabótaskylda ríkissjóðs væri talin vera fyrir hendi, þá geti hún ekki náð lengra en til vara á þann hátt, að stefnandi verði fyrst að sannreyna, að enginn aðalstefndu sé fær um að greiða skaðabæturnar, áður en til greiðsluskyldu ríkissjóðs geti komið.

Niðurstaða.

Upplýst er, að ökumaður bifreiðarinnar R 7784, stefndi Val-geir, hafi valdið tjóni með stórhættulegum akstri bifreiðarinnar á bifreið stefnanda og að stefnandi, sem ók sinni bifreið, hafi enga sök átt á því, að tjónið varð. Bera því stefndi Valgeir og skráður eigandi bifreiðarinnar, stefndi Guðmundur Andrésson, fébótaábyrgð gagnvart stefnanda á tjóni því, er hann varð fyrir.

Kröfur stefnanda á hendur þeim eru hóflegar og verða teknar til greina að fullu.

Stefndi Guðmundur Jónsson var ekki skráður eigandi bifreiðarinnar, þegar tjónsatburðurinn gerðist. Stefnandi hefur á engan hátt sýnt fram á, að hann beri fébótaábyrgð gagnvart honum fyrir tjóni því, er hann varð fyrir, og ber því að taka sýknukröfu hans til greina.

Stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f heldur því fram, að váttryggingarsamningur sá, sem stefndi Guðmundur Jónsson gerði við félagið um hina lögboðnu ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar 27. júlí 1975, hafi fallið úr gildi, er bifreiðin var skráð á nafn stefnda Guðmundar Andréssonar 4. september s. á. Ekkert í máli þessu rennir stoðum undir þessa fullyrðingu. Lagðir hafa verið fram skilmálar þeir, er giltu í váttryggingarsamningi þeim, er stefndi Guðmundur Jónsson gerði við hið stefnda félag. 11. gr. samningsins fjallar um uppsögn hans og vísar í 5. og 10. gr. hans. 5. gr. samningsins fjallar um endurgreiðslu á iðgjaldi, þegar váttryggingu lýkur eða þegar ökutæki er ekki notað, og er nánar fjallað um slit á váttryggingunni í þessari grein. Hvergi er í skilmálum þessum fjallað um, að váttryggingin falli úr gildi á annan hátt en við uppsögn. Skýra verður því 5. gr. samningsins þannig, að eigendaskiptin hafi veitt félaginu heimild til þess að segja upp váttryggingarsamningnum. Ekkert hefur komið fram um, að félagið hafi neytt þessarar uppsagnarheimildar, enda virðist af hálfu félagsins byggt á því, að stefndi Guðmundur Jónsson hafi ekki tilkynnt félaginu söluna á bifreiðinni. Ekki er heldur fram komið, að stefndi Guðmundur hafi sagt upp váttryggingarsamningnum, og var hið stefnda félag því váttryggjandi bifreiðarinnar, þegar tjónsatburðurinn gerðist. Félaginu bar því að greiða stefnanda bótakröfu hans, þegar þess var krafist, og verður því gert að greiða tjónbætur með dómi þessum ásamt meðstefndu Valgeiri Hafþór Matthíassyni og Guðmundi Andrésyni.

Reikningur stefnanda yfir viðgerðarkostnað bifreiðarinnar, kr. 41.134, hefur ekki sætt andmælum tölulega, og verður hann því tekinn til greina. Krafa stefnanda um kr. 10.000 fyrir afnotamissi bifreiðarinnar þykir ekki of há og verður einnig tekin til greina. Hins vegar er krafa stefnanda um kr. 25.000 „vegna kostnaðar og fyrirhafnar“ ekki studd slíkum gögnum, að hún verði gegn andmælum hins stefnda félags tekin til greina öðruvísi en sem hluti málskostnaðar.

Eftir þessum úrslitum verður hinu stefnda félagi einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 55.000. Rétt er, að stefndi Guðmundur Jónsson beri sjálfur sinn kostnað.

Krafa stefnanda á hendur varastefndu dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs verður að teljast skilyrt að því leyti, að hún komi þá fyrst til álita, nái kröfur á hendur aðalstefndu ekki fram að ganga. Samkvæmt málsúrslitum kemur krafa stefnanda á hendur varastefndu ekki til álita í máli þessu, en rétt er, að varastefndu beri sinn kostnað af málinu.

Garðar Gíslason, settur borgardómari, kvað upp dóminn.

#### Dómsorð:

Stefndi Guðmundur Jónsson skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Jóhanns Ólafssonar, í máli þessu, en beri sinn kostnað af málinu.

Stefndu Valgeir Hafþór Matthíasson, Guðmundur Andrés-son og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, kr. 51.134.

Stefndu Valgeir Hafþór Matthíasson og Guðmundur Andrés-son greiði in solidum stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, kr. 25.000.

Stefndi Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f greiði stefnanda, Jóhanni Ólafssyni, 13% ársvexti af kr. 51.134 frá 23. október 1975 til 21. febrúar 1977, en 16% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en 19% ársvexti af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 55.000 í málskostnað.

Greiðslur fari fram innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Varastefndu, dómsmálaráðherra vegna Bifreiðaeftirlits ríkisins og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, beri sinn kostnað af málinu.